Landbúnaðarháskóli Íslands
Fjárlagafrumvarp 2027 - Áætlanabréf

Með þessu bréfi vill menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið upplýsa Háskóla Íslands 17-201 um fjárveitingu til stofnunarinnar á árinu 2027, í samræmi við tillögur í 2. umræðu fjárlaga 2027. Þessi gögn eru grunnurinn í áætlanagerð stofnana, bæði fyrir rekstraráætlun 2027 og stefnumiðaða áætlanagerð til þriggja ára.

Í meðfylgjandi töflu má sjá fjárveitingu Landbúnaðarháskóla Íslands (17-216) í fjárlagafrumvarpi 2027 eftir fjárlagaviðföngum og tegundaskiptingu:

Tafla 1.

	Útgjöld					Fjármögnun		
Stofnanir	Laun	Önnur gjöld	Eignakaup	Tilfærslur	Gjöld alls	Rekstrar tekjur	Framlag úr ríkissjóði	Samtals fjármögnun
17-216 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.755,0	859,0	461,7	-38,3	3.037,4	1.398,5	1.638,9	2.614,0
17-216-101 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.755,0	859,0		-38,3	2.575,7	1.398,5	1.177,2	2.614,0
17-216-601 Tæki og búnaður			461,7		461,7		461,7	
Samtals	1.755,0	859,0	461,7	-38,3	3.037,4	1.398,5	1.638,9	2.614,0

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld (rammi) stofnunarinnar á árinu 2027 verði 3.037,4 m.kr. sem skiptist í 2.614,0 m.kr. rekstrarframlag (laun + önnur gjöld), og 461,7 m.kr. fjárfestingarframlag (eignakaup). Framlag úr ríkissjóði er 1.638,9 m.kr. og rekstrartekjur 1.398,5 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig framlag ríkisins skiptist árið 2027:

Tafla 2.

Upphæðir í m.kr.	LBHÍ	Samtals
Kennsla 60%	477,1	**26.909,3**
Rannsóknir 15%	262,2	**6.727,3**
Samfélagslegt hlutverk 25%	637,9	**11.212,2**
Framlög ríkisins til háskóla árið 2027	1.377,2	**44.848,8**
Framlag ríkisins árið 2026	1.395,9	**43.478,6**

Nemendur utan EES. Við útreikning fjárframlaga vegna kennslu samkvæmt II. kafla reglna um fjárframlög til háskóla frá og með skóla ári 2027-2028 skal aðeins tekið tillit til lokinna eininga og brautskráninga nemenda sem hafa ríkisfang frá aðildarlandi Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Sama gildir um nemendur frá Færeyjum og Grænlandi. Þessi takmörkun á þó ekki við um ákveðna hópa nemenda, sem taldir verða upp í reglum nr. 755/2024. Þá verður háskólum er heimilt að hafa tiltekinn fjölda ársnema með ríkisfang utan EES með við útreikning fjárframlaga á grundvelli viðmiða sem skólarnir setja í samræmi við ákvörðun ráðherra sem birt verður í fylgiriti með fjárlögum 2027.

Gert er ráð fyrir að háskólanum verði úthlutað 4 ársnemum sem hann geti ráðstafað eftir reikniflokkum námsleiða. Þannig nægja fjórir ársnemar til að fjármagna fjóra nemendur í reikniflokki A eða einn nemanda í reikniflokki D.

Ráðstöfun fjárveitinga á málefnasviði háskóla. Háskólum verður á næstu dögum gert kleift að sækja um óráðstafað fé af málefnasviði 21 af fjárheimildum ársins 2026, sem beint verður annars vegar í verkefni til stuðnings Atvinnustefnu Íslands, og hins vegar stuðningi við starfsfólk og nemendur, samkvæmt áherslum og leiðbeiningum sem kynntar verða rektorum á fundi í næstu viku.

Þann 16. nóvember 2026 skal stofnunin annars vegar skila inn stefnumiðaðri áætlun og hins vegar skila rekstraráætlun.

Stefnumiðuð áætlun (briggja ára áætlun). Stefnumiðaðri áætlun 2027-2029 er skilað í gegnum AKRA kerfið og gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gerð krafa um að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili muni vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuðu áætlun.

Rekstraráætlun 2027. Skila þarf rekstraráætlun fyrir stofnunina í AKRA kerfið og skal hún rúmast innan fjárveitinga viðkomandi stofnunar sem kemur fram í frumvarpi til fjárlaga 2027 og fylgiriti þess. Ef fjárveiting stofnunar breytist við afgreiðslu fjárlaga þarf að senda inn nýja áætlun með uppfærðum tölum. Tengiliður Landbúnaðarháskóla Íslands er Óli Halldórsson á skrifstofu háskóla og vísinda og Sigurvin Reynisson á skrifstofu fjármála og rekstrar. Mikilvægt er að samtölur í rekstraráætlun stemmi við tegundaskiptingu fjárlaga. Gert er ráð fyrir að laun stemmi nokkurn veginn en mikilvægt er að samtala launa og annarra gjalda í áætlun stemmi við samtölu launa og annarra gjalda í frumvarpinu, nema ef jafna þarf halla frá fyrra ári þá þarf samtalan að vera lægri í áætlun en í frumvarpi en öfugt ef um afgang er að ræða frá fyrra ári. Ríkisframlag og tilfærslur þurfa að stemma nákvæmlega í áætlun við sömu tölur í frumvarpi. Fjárfesting skal skráð í sérstaka fjárfestingabók í AKRA kerfinu, ekki í rekstraryfirlitið.

Rekstrartekjur í frumvarpi til fjárlaga eru miðaðar við tekjuáætlun stofnunar. Ef tekjuáætlun hefur breyst þá skal gera ráð fyrir þeirri breytingu í rekstraráætlun fyrir árið 2027. Mikilvægt er að heildarútgjöld séu ekki hærri en samanlagðar áætlaðar rekstrartekjur og framlag úr ríkissjóði.

Ari Sigurðsson
Skrifstofustjóri fjármála og rekstrar

Landbúnaðarháskóli Íslands
Fjárlagafrumvarp 2027 - Áætlanabréf

Með þessu bréfi vill menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið upplýsa Landbúnaðarháskóla Íslands 17-216 um fjárveitingu til stofnunarinnar á árinu 2027, eins og gert er ráð fyrir í fylgiriti fjárlagafrumvarps 2027. Þessi gögn eru grunnurinn í áætlanagerð stofnana, bæði fyrir rekstraráætlun 2027 og stefnumiðaða áætlanagerð til þriggja ára.

Í meðfylgjandi töflu má sjá fjárveitingu Landbúnaðarháskóla Íslands (17-216) í fjárlagafrumvarpi 2027 eftir fjárlagaviðföngum og tegundaskiptingu:

Tafla 1.

	Útgjöld					Fjármögnun		
Stofnanir	Laun	Önnur gjöld	Eignakaup	Tilfærslur	Gjöld alls	Rekstrar tekjur	Framlag úr ríkissjóði	Samtals fjármögnun
17-216 Landbúnaðarháskóli Íslands	**1.657,9**	**956,5**	**261,7**	**6,3**	**2.882,4**	**1.398,5**	**1.483,9**	**2.614,4**
17-216-101 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.657,9	956,5		6,3	2.620,7	1.398,5	1.222,2	2.614,4
17-216-601 Tæki og búnaður			261,7		261,7		261,7	
Samtals	1.657,9	956,5	261,7	6,3	2.882,4	1.398,5	1.483,9	2.614,4

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld (rammi) stofnunarinnar á árinu 2027 verði 2.882,4 m.kr. sem skiptist í 2.614,4 m.kr. rekstrarframlag (laun + önnur gjöld), og 261,7 m.kr. fjárfestingarframlag (eignakaup). Framlag úr ríkissjóði er 1.483,9 m.kr. og rekstrartekjur 1.398,5 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu má sjá útgjaldabreytingar Landbúnaðarháskóla Íslands í fjárlagafrumvarpi 2027 frá fjárlögum 2026 eftir útgjaldatilefnum og hagrænni skiptingu:

Tafla 2.

	Útgjöld					Fjármögnun		
Tilefni breytinga	Laun	Önnur gjöld	Eignakaup	Tilfærslur	Gjöld alls	Rekstrar tekjur	Framlag úr ríkissjóði	Samtals fjármögnun
17-216 Landbúnaðarháskóli Íslands	**-15,9**	**-22,6**	**5,3**		**-33,2**	**137,4**	**-170,6**	**-38,5**
17-216-101 Landbúnaðarháskóli Íslands	**-15,9**	**-22,6**			**-38,5**	**137,4**	**-175,9**	**-38,5**
Aðhald í starfsemi	-13,2	-7,7		-0,1	-21,0		-21,0	-20,9
Aukið almennt aðhald	-3,0	-1,8			-4,8		-4,8	-4,8
Auknar tekjur vegna hækkunar skrásetningargjalds	6,8	4,0			10,8	10,8		10,8
Endurmat launaforsendna fjárlaga 2027 vegna kjarasamningsbundinna launabreytinga á árinu 2026.	32,8				32,8	15,7	17,1	32,8
Endurútreikningur á fjárframlögum til háskólanna	-127,4	-75,4		-0,5	-203,3		-203,3	-202,8
Launa-, gengis- og verðlagsreikningur fjárl.frv.2027	44,5	33,2			77,7	41,6	36,1	77,7
Uppfærð tekjuáætlun í janúar 2026	43,6	25,1		0,6	69,3	69,3		68,7
17-216-601 Tæki og búnaður			**5,3**		**5,3**		**5,3**	
Aðhald í starfsemi			-3,8		-3,8		-3,8	
Launa-, gengis- og verðlagsreikningur fjárl.frv.2027			9,1		9,1		9,1	
Samtals	-15,9	-22,6	5,3		-33,2	137,4	-170,6	-38,5

Þann 16. nóvember 2026 skal stofnunin annars vegar skila inn stefnumiðaðri áætlun og hins vegar skila rekstraráætlun.

Stefnumiðuð áætlun (þriggja ára áætlun). Stefnumiðaðri áætlun 2027-2029 er skilað í gegnum AKRA kerfið og gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gerð krafa um að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili muni vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuðu áætlun.

Rekstraráætlun 2027. Skila þarf rekstraráætlun fyrir stofnunina í AKRA kerfið og skal hún rúmast innan fjárveitinga viðkomandi stofnunar sem kemur fram í frumvarpi til fjárlaga 2027 og fylgiriti þess. Ef fjárveiting stofnunar breytist við afgreiðslu fjárlaga þarf að senda inn nýja áætlun með uppfærðum tölum. Tengiliður Landbúnaðarháskóla Íslands er Óli Halldórsson á skrifstofu háskóla og vísinda og Sigurvin Reynisson á skrifstofu fjármála og rekstrar. Mikilvægt er að samtölur í rekstraráætlun stemmi við tegundaskiptingu fjárlaga. Gert er ráð fyrir að laun stemmi nokkurn veginn en mikilvægt er að samtala launa og annarra gjalda í áætlun stemmi við samtölu launa og annarra gjalda í frumvarpinu, nema ef jafna þarf halla frá fyrra ári þá þarf samtalan að vera lægri í áætlun en í frumvarpi en öfugt ef um afgang er að ræða frá fyrra ári. Ríkisframlag og tilfærslur þurfa að stemma nákvæmlega í áætlun við sömu tölur í frumvarpi. Fjárfesting skal skráð í sérstaka fjárfestingabók í AKRA kerfinu, ekki í rekstraryfirlitið.

Rekstrartekjur í frumvarpi til fjárlaga eru miðaðar við tekjuáætlun stofnunar. Ef tekjuáætlun hefur breyst þá skal gera ráð fyrir þeirri breytingu í rekstraráætlun fyrir árið 2027. Mikilvægt er að heildarútgjöld séu ekki hærri en samanlagðar áætlaðar rekstrartekjur og framlag úr ríkissjóði.

Ari Sigurðsson
Skrifstofustjóri fjármála og rekstrar

Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Logi Einarsson ráðherra og Sigrún Brynja Einarsdóttir ráðuneytisstjóri
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavik, 20. október 2026
Tilvísun: LbhÍ-M26-0197

Efni: Andmæli við áætlað rekstrarframlag til LBHÍ 2027

Landbúnaðarháskóli Íslands mótmælir harðlega fyrirhugaðri skerðingu rekstrarfjár til háskólans samkvæmt áætlanabréfi sem barst 16. október 2026. LBHÍ krefst þess að 200 m.kr. mismunur milli reiknaðs framlags og framlags á rekstrarviðfang verði leiðréttur og jafnframt að útskýringar berist um lækkun á framlagi til samfélagslegs hlutverks milli ára. Fjármögnun samþykktra framkvæmda verður að tryggja sérstaklega, en ekki með því að skerða rekstrarfjármuni sem háskólanum ber að fá samkvæmt reglugerð nr. 755/2024.

Þá er farið fram á að afhentir verði rekjanlegir útreikningar og forsendur úthlutunarinnar.

Háskólaráð fjallaði um málið 19. október 2026, og áréttar mikilvægi þess að unnið sé eftir þeim markmiðum og reglum sem gilda um fjárframlög til háskóla.

Óafgreiddar beiðnir um upplýsingar

Fyrra áætlanabréf sem barst LBHÍ þann 18. september var ekki rétt. LBHÍ óskaði eftir fundi 22. september, útreikningum 28. september og ítrekaði fundarbeiðni 5. október. Í svari ráðuneytisins þann 28. september kom fram að tölur byggðust að stórum hluta á bráðabirgðagögnum. Í síðari samskiptum var upplýsingagjöf og fundi frestað þar til ný áætlanabréf hefðu verið send. Nýja bréfið hefur nú borist án þeirrar sundurliðunar sem nauðsynleg er til að sannreyna niðurstöðuna.

Rekstrarframlag til LBHÍ lækkar umtalsvert milli áætlanabréfa án þess að skýringar séu gefnar á þeim mismun, sjá töflu 1. Hækkun á fjárfestingarframlagi er vegna byggingar Jarðræktarmiðstöðvar. Þá lækkar rekstrarframlag umtalsvert milli ára, sem þarfnast skýringa, sérlega hvað varðar samfélagslega þáttinn, sjá töflu 2.

1. Rekstrarframlag lækkar milli áætlanabréfa

Framlag úr ríkissjóði í m.kr.	18. september	16. október	Breyting
Rekstrarviðfang 17-216-101	1.222,2	1.177,2	-45,0
Fjárfestingarviðfang 17-216-601	261,7	461,7	+200,0
Heildarframlag úr ríkissjóði	**1.483,9**	**1.638,9**	**+155,0**

2. Rekstrarframlag lækkar milli ára

Framlag úr ríkissjóði í m.kr.	2026	2027 áætlun MNH	Breyting
Kennsla (60%)	371,3	477,1	105,8
Rannsóknri (15%)	213,2	262,2	49,0
Samfélagslegt hlutverk (25%)	752,0	637,9	**-114,1**
Samtals vegna reiknilíkans	**1.336,5**	**1.377,2**	40,7
Heildarframlag úr ríkissjóði	**1.395,9**	**1.177,2**	**-218,7**

Tafla 2 í áætlanabréfi ráðuneytisins sýnir 1.377,2 m.kr. framlag samkvæmt reiknilíkaninu sem á að byggja á forsendum reglugerðar nr. 755/2024, en tafla 1 aðeins 1.177,2 m.kr. ríkisframlag á rekstrarviðfang. Ráðuneytið hefur skýrt 200 m.kr. mismuninn sem tæknilega breytingu á hagrænni skiptingu vegna Jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri. Reglugerðin er skýr varðandi greiðslur til rekstrar íslensku háskólanna og engin heimild er til þess að draga frá því framlagi til að kosta slíka framkvæmd. LBHÍ telur því óásættanlegt og með öllu óheimilt að slík ráðstöfun skerði fé til kennslu, rannsókna og samfélagslegs hlutverks háskólans.

Fyrri ákvarðanir um fjármögnun framkvæmda

Við ákvörðun um að LBHÍ skilaði Korpu til ríkisins var jafnframt ákveðið að skólinn fengi að kaupa hestamiðstöðina á Mið-Fossum og ráðist yrði í byggingu jarðræktarmiðstöðvar og rannsóknagróðurhúss. Hestamiðstöðin var keypt um áramótin 2021/2022. Framkvæmdum vegna byggingar jarðræktarmiðstöðvar og rannsóknagróðurhúss á vegum FSRE hefur seinkað. Nú hefur verið heimilað að bjóða jarðræktarmiðstöðina út, en rannsóknagróðurhúsið er enn í undirbúningi. Forsenda LBHÍ hefur verið að þessi verkefni séu þegar sérstaklega fjármögnuð. Skólinn hafnar því að framkvæmd þessara ákvarðana verði nú fjármögnuð með skerðingu rekstrarframlags hans.

Reglur um úthlutun og upplýsingar

Reglur nr. 755/2024 um fjárframlög til háskóla byggja á gagnsæi og fyrirsjáanleika, sbr. 1. gr., og mæla fyrir um úthlutun samkvæmt reglunum innan fjárheimilda fjárlaga, sbr. 3. gr. Birtingarákvæði 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. varða námsleiðir og stuðla, styrki og forsendur samfélagslegs hlutverks. Jafnframt er kveðið á um birtingu samanburðar og forsendna reiknilíkana í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laganna skulu upplýsingar um rekstur og fjárhag berast stofnunum tímanlega fyrir áætlanagerð.

LBHÍ hefur aukið sókn í erlenda samkeppnissjóði. Samkvæmt 7. og 10. gr. reglnanna vega tilgreindir erlendir styrkir 30% rannsóknahlutans og miðað er við hlutdeild á fimm ára tímabili. Sýna þarf hvernig þessi árangur er metinn og hvort ávinningur hans hverfur við lækkun annarra liða. Verkefnabundnir styrkir og fé sem skólinn miðlar m.a. til samstarfsaðila verða ekki án frekari greiningar talin frjálst rekstrarfé.

Framlag vegna samfélagslegs hlutverks er 637,9 m.kr. í nýju áætlunarbréfi ráðuneytisins. Þetta er umtalsverð lækkun frá 2026 þar sem upphæðin var 752,0 m.kr. án launa- og verðlagsbóta. Þetta kallar á sundurliðaðan samanburð á samræmdum grunni. Meta þarf áhrif breytinganna á getu LBHÍ til að sinna menntun og rannsóknum í landbúnaði, matvælaframleiðslu og sjálfbærri nýtingu lands.

Kröfur um leiðréttingar

LBHÍ setur fram eftirfarandi kröfur til leiðréttinga.

1. Að 200 m.kr. mismunurinn verði leiðréttur þannig að framlag á rekstrarviðfang verði að óbreyttum forsendum reiknilíkansins 1.377,2 m.kr., án þess að gengið verði á áður ákveðna fjármögnun framkvæmda.
2. Að afhentir verði útreikningar og gögn samkvæmt meðfylgjandi gagnabeiðni og allar skekkjur í grunngögnum, úthlutun og áætlanabréfi verði leiðréttar.
3. Að ráðuneytið geri grein fyrir samþykktum fjármögnunarheimildum framkvæmda vegna Jarðræktarmiðstöðvar og rannsóknagróðurhúss.
4. Að fundað verði með stjórnendum LBHÍ hið fyrsta og niðurstaða liggi fyrir í tæka tíð fyrir skil áætlana 16. nóvember. Ef það reynist ógerlegt verði samið um nauðsynlega aðlögun skilafrests.

Óskað er skriflegs svars og afhendingar fyrirliggjandi gagna innan fimm virkra daga frá móttöku. Taki afhending annarra gagna lengri tíma verði ástæður og tímasetning tilgreindar. LBHÍ áskilur sér að bæta við andmælum þegar gögnin liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor

Samrit: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og fjárlaganefnd Alþingis.
Viðauki: Gagnabeiðni vegna fjárframlags 2027.

Viðauki: Gagnabeiðni vegna fjárframlags 2027

Óskað er eftir eftirfarandi gögnum á tölvutæku formi, helst í reikniskrá með formúlum. Gögn skulu gera LBHÍ kleift að endurreikna framlag sitt og rekja breytingar milli ára og milli áætlanabréfanna tveggja.

1. Útgáfum reiknilíkans og grunngagna sem notaðar voru fyrir 2026, 18. september 2026 og 16. október 2026. Tilgreina skal hvaða gögn voru leiðrétt eða bættust við, hvenær það gerðist og áhrif hverrar breytingar á LBHÍ. Afhenda skal viðeigandi heildarstærðir og samanburðartölur annarra háskóla, svo hlutdeild LBHÍ verði sannreynd.
2. Sundurliðun kennsluframlags eftir námsleiðum, reiknilokkum og stuðlum, ásamt loknum einingum, brautskráningum, viðmiðunartímabilum, verðgildum og öllum skerðingum eða leiðréttingum.
3. Sundurliðun rannsóknahluta eftir birtingamælikvörðum, doktorsbrautskráningum og erlendum styrkjum. Fyrir hvern styrk komi fram sjóður, verkefni, dagsetningar, gjaldmiðill, gengi, viðmiðunarár, fjárhæð sem talin er með og hlutdeild LBHÍ. Aðgreina skal styrk til LBHÍ frá heildarstyrk samstarfsverkefnis og rökstyðja útilokun styrkja. Skýra þarf hvort miðað er við styrkveitingu, upphaf verkefnis, greiðslu eða tekjufærslu.
4. Sundurliðun samfélagslegs hlutverks í alla sjö undirflokka 11. gr. reglna nr. 755/2024, með forsendum og breytingum milli ára. Sýna skal sérstaklega útreikning og þróun innleiðingarframlags, hvort aukið kennslu- eða rannsóknarframlag lækki það og hvaða áhrif það hafi á heildarframlag LBHÍ.
5. Afstemmingu frá framlagi samkvæmt reiknilíkani yfir í fjárhæðir eftir viðföngum og hagrænni skiptingu. Aðgreina skal launa- og verðlagsbætur, aðhald, tímabundin framlög, tilfærslur, sértekjur og fjárfestingu. Skýra skal 1.395,9 m.kr. samanburðarfjárhæð ársins 2026, 1.377,2 m.kr. niðurstöðu líkansins fyrir 2027 og 1.177,2 m.kr. framlag á rekstrarviðfang.
6. Ákvörðunum og fjármögnunaryfirliti vegna Korpu, Mið-Fossa, Jarðræktarmiðstöðvar og rannsóknagróðurhúss.
7. Leiðréttu og afstemmdu áætlanabréfi. Í októberbréfinu er vísað til Háskóla Íslands 17-201 í inngangi.

Verði einhver gögn ekki afhent er óskað eftir að þau verði auðkennd og greint frá ástæðu og þeim grundvelli sem synjun byggist á. Fyrirliggjandi hluti gagnanna verði afhentur án þess að beðið sé eftir að allri vinnslu ljúki

Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Fjárlaganefnd Alþingis

Reykjavik, 20. október 2026
Tilvísun: LbhÍ-M26-0197

Efni: Umsögn um fjárlagafrumvarp 2027 vegna LBHÍ (fjárlagaliður 17-216)

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir að fjárlaganefnd taki til sérstakrar skoðunar fyrirhugað rekstrarframlag til skólans árið 2027 og beiti sér fyrir leiðréttingu þess áður en fjárlög verða afgreidd. Jafnframt er óskað eftir fundi með nefndinni hið fyrsta.

Í áætlanabréfi menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, sem barst 16. október, er framlag samkvæmt reiknilíkani til LBHÍ 1.377,2 m.kr., en ríkisframlag á rekstrarviðfang 17-216-101 aðeins 1.177,2 m.kr. Ráðuneytið hefur skýrt 200 m.kr. mismuninn með breytingu á hagrænni skiptingu vegna Jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri. LBHÍ mótmælir því að framkvæmdir, sem skólinn hefur byggt á að séu sérstaklega fjármagnaðar samkvæmt fyrri ákvörðunum, skerði nú framlag til reksturs hans. Það stríðir gegn reglugerð nr. 755/2024 um fjárframlög til háskóla sem byggir á gagnsæi og fyrirsjáanleika og þar sem skýrt kemur fram hvernig reikna skuli framlög til rekstrar háskólanna.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan LBHÍ á undanförnum árum sem hefur skilað sér í stórum alþjóðlegum verkefnum og tekjum úr evrópskum samstarfssjóðum. Samkvæmt ofangreindri reglugerð ætti það að skila sér í auknum framlögum frá ráðuneytinu, enda einn af þeim hvötum sem liggja til grundvallar eflingu háskólastarfsins hérlendis. Þetta virðist hins vegar leiða af sér lækkun á liðnum um samfélagslegt hlutverk sem lækkar umtalsvert milli ára án þess að skýringar hafi fengist. Ítrekað hefur verið óskað eftir útreikningum og skýringum án þess að fullnægjandi gögn hafi verið afhent.

Meðfylgjandi er formlegt andmælabréf til ráðuneytisins með gagnabeiðni og tilvísunum til reglna nr. 755/2024 og laga um opinber fjármál. Háskólaráð fjallaði um málið 19. október og framkvæmdastjórn LBHÍ hefur einnig tekið það fyrir.

LBHÍ óskar sérstaklega eftir að nefndin:

1. Beiti sér fyrir því að 200 m.kr. mismunurinn verði leiðréttur þannig að reiknað framlag skv. reglugerð 155/2024 skili sér til reksturs, án þess að gengið verði á áður ákveðna fjármögnun framkvæmda.

2. Afli hjá ráðuneytunum fullrar afstemmingar og rökstuðnings fyrir úthlutuninni, þar á meðal breytingum á framlagi vegna samfélagslegs hlutverks og mati á erlendum styrkjum.

3. Taki við frekari athugasemdum LBHÍ þegar útreikningar liggja fyrir og veiti fulltrúum skólans færi á að gera nefndinni grein fyrir rekstraráhrifunum.

Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Erindið byggir á nýjum upplýsingum sem bárust 16. október, eftir auglýstan umsagnarfrest 7. október. Því er óskað eftir að það verði tekið til meðferðar við áframhaldandi umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor

Samrit: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Fylgiskjöl: Andmælabréf LBHÍ með gagnabeiðni og áætlanabréfin tvö frá MNH dags. 18. september 2026 og 16. október 2026.